

Skólaráð Hörðuvallaskóla

2. fundur skólaársins 2018-2019, haldinn 27.09. 2018

Staðgengill skólastjóra: Edda Gíslrún Kjartansdóttir
Fulltrúar foreldra: Freygerður A. Ólafsdóttir, Heiðar Ásberg Atlason
Fulltrúar kennara: Alma Ernstdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir
Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Starfsáætlun

Starfsáætlun skólaársins 2018-2019 lögð fram til afgreiðslu. Fundarmenn fengu hana til yfirlstrar með fundargögnum. Engar efnislegar breytingar gerðar síðan þá, en unnið í viðburðakafla og kaflanum tímasett umbótaáætlun og orðalagi breytt þar sem við á. Starfsáætlunin samþykkt án athugasemda.

2. Námskynningar

Formlegar námskynningar verða hjá 1. 5. og 8. bekk.
Drög að dagskrá fyrir námskynningar kynnt síðar.

3. Önnur mál

- a) Myndavélamál. Á foreldrafundi sl. þriðjudag kom fram hjá mörgum foreldrum að þeim þætti orðin of löng bið eftir myndavélum við skólann. Ítrekað við skólann að ýta á eftir þessu máli með formlegum athugasemdum og leggja áherslu á hve mikilvægt þetta mál er.
- b) Útivistir félagsmiðstöðva. Félagsmiðstöðvar eru bara með útivist aðra hvora helgi, spurt hvort hægt væri að bæta í þá vakt?
- c) Wifi við skólann. Spurt hvort nemendur komist á wi – fi á kvöldin fyrir utan skóla. Það mun vera raunin.
- d) Hundaskítur. Er hægt að fá bæjarstarfsmenn til að hreinsa upp hundaskít í kringum skólann. Komum athugasemd á framfæri.